

## Erindisbréf

### Samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps

Á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 07.08 2018 var ákveðið að skipa stýrihóp/nefnd sem hefði það verkefni að leita leiða til að efla byggð og samfélag í Fljótsdal.

Leitað var eftir tilnefningu íbúa um 2 aðila úr sveitarstjórn og 2 aðila utan sveitarstjórnar til að sitja í nefndinni. Einnig óskaði sveitarstjórn eftir að Austurbrú ses legði verkefninu lið og tilnefndi 1 aðila í nefndina. Skipað var í nefndina á fundi sveitarstjórnar 11.09 2018.

Samfélagsnefnd er þannig skipuð:

Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum

Jóhann F. Þórhallsson, Brekkugerði

Arna Björg Bjarnadóttir, Valþjófsstað 1

Þórhallur Jóhannsson, Brekkugerði

Tilnefnd af Austurbrú : Signý Ormarsdóttir.

Nefndin starfar skv. sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn og fundarskög Fljótsdalshrepps.

Nefndin starfar tímabundið frá og með 11.09 2018 til ársloka 2019. Eigi síðar en þremur mánuðum áður en nefndin líkur störfum tekur sveitarstjórn Fljótsdalshrepps ákvörðun um hvort starfstími nefndarinnar verði framlengdur og hvort þá verði skipað í nefndina að nýju.

Nefndin kys sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi.

Markmið með vinnu nefndarinnar er að leita leiða til að efla og styrkja samfélag í Fljótsdalshreppi með því m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra, fyrirtækja í hreppnum og annarra<sup>1</sup> sem geta lagt verkefninu lið við að sjá framtíðarmöguleika byggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við sveitarfélagið.

Nefndin fundar svo oft sem talin er þörf á. Nefndin hefur ekki sérstakan fjárhag og skulu því ákvarðanir nefndarinnar sem hafa fjárhagsleg áhrif bornar undir sveitarstjórn til samþykktar.

Nefndin fylgir málum eftir í nánú samstarfi við sveitarstjórn.

Fundargerðir nefndarinnar eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar og staðfestingar.

---

<sup>1</sup> Þ.e. brottfluttur, afkomendur Fljótsdælinga, jarðar- og sumarbústaðaeigendur.